

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
b.t. skrifstofu skattamála  
Arnarhvoli  
Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. september 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi til starfshóps um skattalegt umhverfi þriðja geirans, sem birt var til umsagnar á Samráðsgátt hinn 4. júlí sl.

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



---

Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri



## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

### **Efni: Umsögn til starfshóps um skattalegt umhverfi þriðja geirans**

Rauði krossinn á Íslandi, kt. 530269-2649 (hér eftir „RKÍ“) skilar hér með inn umsögn vegna beiðni starfshóps um skattalegt umhverfi þriðja geirans (hér eftir „starfshópurinn“) sem hagsmunaaðili í þriðja geiranum.

RKÍ er viðurkenndur af Alþjóðaráði Rauða krossins og jafnframt aðili að Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. RKÍ hefur þann tilgang að bregðast við í neyð jafnt innan lands sem utan og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga.

Ýmislegt hefur áunnist á undanförunum árum varðandi skattalegt umhverfi þriðja geirans. Á grundvelli 4. tl. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 er RKÍ undanþeginn greiðslu tekjuskatts. Þá skal ekki greiða erfðafjárskatt af gjöfum sem falla til RKÍ sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 14/2004. Sömuleiðis koma einstakar gjafir og framlög lögaðila og þeirra er stunda sjálfstæða starfsemi til RKÍ til frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri viðkomandi lögaðila eða þeim sem stunda sjálfstæða starfsemi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, enda stundar RKÍ viðurkennda líknarstarfsemi að mati Ríkisskattstjóra.

Störf félagasamtaka sem hafa þann tilgang að nota fjármuni sína eingöngu til almannaheilla eru í grunnin sambærileg þeirri starfsemi sem fer fram á vegum ríkis og sveitarfélaga. Það eru því sterk rök fyrir því að slík félög eigi almennt að vera undanþegin allri skattlagningu.

RKÍ óskar eftir að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við starfshópinn.

#### *1. Fjármagnstekjuskattur*

Þrátt fyrir framangreindar takmarkanir á greiðslu skatts ber RKÍ samt sem áður að standa skil á greiðslu fjármagnstekjuskatts, sbr. 4. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Undanþegnar frá fjármagnstekjuskatti eru alþjóðastofnanir og ýmsir aðilar sem stunda atvinnurekstur í almannaþágu, svo sem tilteknir byggingarsjóðir og lánasjóðir. Þó ríkissjóður, ríkisstofnanir og sveitarfélög séu almennt ekki undanþegin fjármagnstekjuskatti þá rennur skatturinn engu að síður í þeirra vasa með sambærilegum áhrifum.

RKÍ telur brýnt að breikka undanþágur fjármagnstekjuskatts þannig að þær nái líka til þeirra aðila sem starfa að almannaheillum. Leggur RKÍ það til við starfshópinn að tilvísun 4. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga til 4. töluliðar 4. gr. sömu laga verði felld brott og samskonar breyting gerð á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Slíkar aðgerðir myndu efla enn frekar starf RKÍ sem í dag þarf að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum á sjóði sem félagið hefur í vörslu sinni. Breytingarnar væru einnig í fullu samræmi við markmið starfshópsins og þá þróun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum og áður er lýst.



## 2. Ívilnanir til einstaklinga

Líkt og framan greinir koma einstakar gjafir og framlög lögaðila og þeirra er stunda sjálfstæða starfsemi til RKÍ til frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri viðkomandi lögaðila eða þeim sem stunda sjálfstæða starfsemi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003. Hið sama gildir hins vegar ekki um fjárframlög einstaklinga til RKÍ. Jafnræðisrök standa til þess að hið sama eigi að gilda um einstaklinga og þá er stunda atvinnurekstur enda reiðir RKÍ sig á gjafir einstaklinga jafnt sem lögaðila.

Leggur RKÍ það til við starfshópin að bætt verði við tölulið í A-lið 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga 90/2003, þar sem kveðið verði á um að gjafir og fjárframlög einstaklinga til þeirra lögaðila er verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla verði frádráttarbær frá tekjum utan atvinnurekstrar. Breyting þessi er einföld í framkvæmd og kæmi sem sérstakur frádráttarliður á skattframtali.

## 3. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Starfshópurinn hefur gefið það út að taka eigi til skoðunar skattalega hvata á borð við endurgreiðslu virðisaukaskatts af húsnæði undir starfsemi til almenningsheilla. RKÍ tekur heilshugar undir þessi sjónarmið.

Auk þess leggur RKÍ leggur það til við starfshópin að bætt verði ákvæði við 43. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 sem kveði á um almenna heimild félaga sem stuðla að almannaheillum til endurgreiðslu virðisaukaskatts af kaupum á vörum og þjónustu en að endurgreiðslan geti þó eingöngu tekið til virðisaukaskatts af þeim aðföngum sem virðisaukaskattsskyldir aðilar geta talið til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Auk þessi verði ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um endurgreiðsluna í reglugerð (sem tæki þá eingöngu á formskilyrðum svo ákvæði stjórnarskrár verði örugglega uppfyllt).

Með þessum hætti er félögum sem starfa að málefnum til almenningsheilla gert kleift að kaupa að þjónustu og birgðir í starfsemi sína án þess að sitja uppi með virðisaukaskatt sem er í flestum tilvikum 24%.

## 4. Fasteignaskattar og stimpilgjöld

Jafnframt er lagt til að þessir aðilar verði undanþegnir fasteignaskatti samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Í 2. mgr. 5. gr. er sveitarstjórn heimilt að veita styrki til endurgreiðslu fasteignaskatts, m.a. til þeirra sem starfa að almannaheillum. Réttast væri að veita almenna undanþágu fyrir skattinum í 1. mgr. 5. gr. laganna með tilvísun í skilgreiningar samkvæmt tekjuskattslögum, sbr. fyrri umfjöllun.

Þá er lagt til að í 3. mgr. 3. gr. laga um stimpilgjald nr. 138/2013 verði um undanþágu einnig vísað til nýrrar málsgreinar 43. gr. virðisaukaskattslaga, sbr. lið 3 hér að ofan, um undanþágu frá stimpilgjöldum.

